

Forvarna- og æskulýðsmál

Þátttaka í góðu frístundastarfi hefur afar jákvæð áhrif á tilveru barna og segir mikið til um hvernig þeim farnast í lífinu. Efling félagsauðs í samfélögum leysir úr læðingi krafta sem styrkja gott mannlíf og lífsgæði. Þannig má segja að virk þátttaka í uppbyggilegu frístundastarfi hafi jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf. Lykilhugtök í farsælu frítímastarfi eru fagmennska og fjölbreytileiki.

Undir forvarna- og æskulýðsmál falla eftirtaldar starfseiningar:

- Félagsmiðstöðvar
- Ungmenna-Hús
- Forvarnamál
- Ungmennaráð

Félagsmiðstöðvar

Starfsskrá

Meginmarkmið með starfsemi félagsmiðstöðva er að sinna uppbyggilegum frístundum og forvörnum, auka þátttöku og virkja unglunga í félagsstarfi. Með rekstri félagsmiðstöðva er öllum börnum og unglungum frá 10–16 ára gefinn kostur á að stunda fjölbreytta óformlega menntun, skapandi og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli.

Starfsemi félagsmiðstöðva skiptist í þrjá meginhluta, opin hús, fjölbreytt klúbbastarf og sameiginlega viðburði. Markmið félagsmiðstöðva er að skapa tækifæri fyrir unglunga til að þjálfa hjá sér lýðræðisleg vinnubrögð, frumkvæði, félagsþroska, axla ábyrgð og sýna sjálfstæði.

Lögð er áhersla á:

- Að gefa unglungum tækifæri til að framkvæma hugmyndir sínar, til að þroska hæfileika sína og auka þekkingu á hæfileikum sínum og áhugasviði.
- Að ýta undir virkni og auka samfélagsvitund og félagsþroska.
- Að starfið einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að mæta ungmennunum á þeirra forsendum.
- Að standa fyrir fjölbreyttu klúbbastarfi sem tekur mið af áhuga og þörfum ungmennanna.
- Að gæta þess að í öllum verkum séu forvarnir hafðar að leiðarljósi.
- Að vera í góðu samstarfi við heimili og skóla.
- Að sjá um að starfsfólk njóti endurmenntunar og stuðnings í starfi.
- Að umsjónarmenn sjái um a.m.k. eitt starfsþróunarverkefni á hverjum vetri.

Leitarstarf

Leitarstarf er sá þáttur starfseminnar sem miðar að því að finna þá unglunga sem teljast til áhættuhóps. Í þeim hópi eru m.a. unglingar sem ekki eru í öðru félagsstarfi, búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða eru illa staddir félagslega o.s.frv.

Leiðir

- Að vinna með forvarnateymi, sem vinnur að málefnum barna og unglunga.
- Að vera í góðu sambandi við starfsfólk grunnskóla.

- Að leita nýrra leiða til að ná til þeirra ungmenna sem ekki hafa skilað sér í félagsstarf.

Samstarf

Til að auka gæði starfseminnar skal leggja áherslu á að vera í góðu samstarfi við aðra sem vinna að málefnum barna og ungmenna í bæjarfélaginu.

Leiðir

- Að nýta forvarnateymi, samráðsvettvang lögreglu, fjölskyldudeildar, forvarnafulltrúa, félagsmiðstöðva, Ungmenna–Húss, forvarnafulltrúa framhaldsskólanna, forsvarsmanna íþróttahreyfinga og námsráðgjafa grunnskólanna til upplýsingaöflunar og til að geta brugðist við ef þurfa þykir.
- Að umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna nýti viðverutíma sinn í skólunum til upplýsingamiðlunar til starfsfólks skólanna.
- Að vera í samvinnu við Vinnuskóla Akureyrar um starfsmannahald og fjölbreyttara vinnuframboð og starfskynningar yfir sumarið.

Upplýsingar

Markviss og gagnkvæm upplýsingaöflun skal vera á milli allra þeirra sem starfa í félagsmiðstöðvum, samstarfsaðila og notenda þjónustu.

Leiðir

- Halda reglulega starfsmannafundi.
- Starfsdagar einu sinni á önn þar sem dagskrá vetrarins er skipulögð.
- Gera dagskrá fram í tímann og hafa hana aðgengilega fyrir alla notendur þjónustu, foreldra og skóla.
- Skila vinnuáætlun fyrir starfsfólk.
- Halda úti netsíðum með helstu upplýsingum um starfsemina hverju sinni.
- Að starfsemin sé auglýst í skólunum.
- Leita leiða til að vera í sem bestum tengslum við heimili og skóla m.a. með vikulegri viðveru í skólum, kynningarheimsóknum í skóla að hausti og leita eftir samstarfi við foreldrafélög hvers skóla.

Starfsþróun

Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns og meðal annars sinnt með starfsmannasamtölum og þátttöku í sí - og endurmenntun.

Leiðir

- Vinnuveitandi sér um að starfsmenn eigi kost á faglegum stuðningi og endurmenntun með það fyrir augum að auka hæfni sína og fagmennsku.
- Starfsmenn geri sér grein fyrir því að þeir eru fyrirmyndir og leggi sig fram um það bæði í starfi og utan þess.
- Fjölga háskólamenntuðum starfsmönnum.
- Minnka starfsmannaveltu.
- Halda fræðsludaga að hausti fyrir starfsfólk.

Starfsreglur

Fjöldi starfsmanna á opnum húsum er tveir starfsmenn við hverja opnun. Æskilegur fjöldi starfsmanna í klúbbastarfi er tveir starfsmenn á hverjum fundi.

Á ferðalögum skal áætla tvo starfsmenn fyrir 20 krakka en umfram það skal vera einn fyrir hverja 20 krakka. Þegar um ferðalög á vegum Samfés er að ræða þá eru það 15 ungmenni á hvern starfsmann. Hér skal ávallt meta hvers konar hópa og verkefni er um að ræða. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna er fyrirmynd og ber að gæta þess hlutverks í hvívetna.

Trúnaður

Starfsmenn skulu skrifa undir þagnareið við upphaf ráðningar. Þagnarskylda helst eftir að ráðningu lýkur. Starfsmenn leita eftir trúnaði ungmenna og skulu fara með þær upplýsingar af virðingu. Hér er þó lykilatriði að gera ungmenni ljóst að ef upplýsingar geta varðað öryggi þess er starfsmanni skylt að tilkynna til barnaverndar skv. lögum um barnavernd.

Mat á starfseminni

Markmið með mati er að bæta starf félagsmiðstöðvanna og gera það markvissara og sýnilegra. Um er að ræða kerfisbundna upplýsingaöflun. Megintilgangur er að stuðla að umbótum.

Það sem á að meta:

- Þátttaka í starfsemi félagsmiðstöðva – dagbókarskýrslur.
- Mat á fræðslu fyrir starfsfólk – einstaklingsmat.
- Fjölbreytni í framboði á afþreyingu – dagbókarskýrslur.
- Viðhorf ungmenna til starfseminnar – viðhorfskönnun.
- Viðhorf foreldra til starfseminnar – unnið í gegnum foreldrafélög.
- Meta framboð á fræðslu til ungmenna – dagbókarskýrslur.
- Frammistöðumat vegna starfslista – er í þróun.

Áætlanir félagsmiðstöðva Akureyrar

Forvarnir

Rauður þráður í starfi félagsmiðstöðva er forvarnir. Allt starf á vegum félagsmiðstöðva er vímulaust og er tekin skýr afstaða gegn neyslu allra slíkra efna. Reynt er með fjölbreyttum hætti að hvetja til og skapa tækifæri til heilbrigðra athafna.

Starf með ungu fólki er síbreytilegt og mikilvægt að starfsfólk félagsmiðstöðva geti brugðist við ástandi og kröfum á hverjum tíma. Því skal starfsfólk félagsmiðstöðva undirbúa a.m.k. eitt skipulagt forvarnatengt verkefni á hverri önn en ljóst er þó að öll verkefni félagsmiðstöðvanna hafa forvarnagildi. Lögð hefur verið áhersla á að auka þekkingu starfsfólks hjá Akureyrarbæ á kynferðisofbeldi gegn börnum en afleiðingar þess geta verið skelfilegar. Starfsfólk sækir námskeið hjá umsjónarmanni forvarna um kynferðisofbeldi gegn börnum. Sjá frekar í aðgerðaáætlun forvarnastefnu Akureyrarbæjar.

Einelti

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi eða jafnvel einstaklingum. Atferlið er endurtekið og sá sem fyrir eineltinu verður er ekki fær um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Starf félagsmiðstöðva gengur m.a. út á að þroska félagslega hegðun og lýðræðisleg vinnubrögð. Því skal leggja áherslu á:

- Að ungmenni þjálfist í hópavinnu og sýni hvert öðru tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.
- Að starfsfólk félagsmiðstöðva kanni, með reglulegum hætti innan þeirra hópa sem það vinnur með, líðan og samskipti innan hópsins.
- Að gæsla sé virk á starfstíma félagsmiðstöðvanna.
- Að veita fræðslu til barna og ungmenna um samskipti og einelti.

Ef upp koma eineltismál:

- Skal starfsfólk halda utan um skráningu á þeim tilfellum sem upp koma og fylgja eftir til samstarfsaðila. Gæta skal fyllsta trúnaðar og gæta þess að upplýsingar séu skráðar inn á lokað svæði.

- Eitt af hlutverkum starfsfólks félagsmiðstöðva er að vera vakandi fyrir líðan og velferð unglinga. Mikilvægt er að starfsfólk komi upplýsingum um ætlað einelti sem allra fyrst til þeirra sem að unglingnum koma eins og foreldra, umsjónarkennara eða íþróttafélaga.
- Forvarnafulltrúi aðstoðar eftir þörfum með fræðslu við eineltismál.

Framkvæmd

- Þegar upplýsingar berast til umsjónarmanns um einelti skal tilkynna það til skóla og kanna stöðu máls.
- Umsjónarmenn fylgi málum eftir við skóla og skoði með hvaða hætti er hægt að grípa inn í.
- Mikilvægt er að hlusta og virða trúnað við viðkomandi.
- Meta hvort kalla skuli hlutaðeigandi í viðtal.

Áföll

Ef upp koma alvarleg tilfelli sem varða ýmist starfsfólk eða ungmenni sem verið er að vinna með er gott að geta gripið til fyrirfram gefinna verkferla.

- Ef upp kemur alvarlegt tilfelli eins og t.d. dauðsfall eða alvarlegt slys innan hóps sem sækir félagsmiðstöðvarnar þá ber umsjónarmanni að kanna málið og fá staðfest. Meta þarf ástandið og segja frá eftir þörfum innan hópsins og kalla eftir aðstoð fyrir hópinn.
- Sama á við ef upp kemur alvarlegt tilfelli innan starfsmannahópsins en þá ber forstöðumanni að kanna það og staðfesta. Svo að meta ástandið og kalla eftir aðstoð fyrir hópinn.

Öryggisáætlun vegna viðburða

- Að gerð sé verkáætlun og öryggisáætlun fyrir hvern viðburð.
- Að sjúkrakassi sé til staðar.
- Ef um ferðir út úr bænum hvort heldur um dagsferð eða gistiferð er að ræða skili allir þátttakendur inn leyfisbréfum frá forráðamönnum. Forráðamenn skulu fá upplýsingar um ferðir m.a. ferðamáta, komutíma, símanúmer starfsfólks og fl.
- Að allir starfsmenn hafi símanúmer annarra starfsmanna eða forráðamanna og ungmenna ef um ferðalög er að ræða.
- Að hlutverk starfsfólks sé skýrt sem og eftirlitshlutverk.

- Þegar um stærri viðburði er að ræða skal gera ráð fyrir að meðhöndla gæti þurft sérstök mál tengd neyslu eða óæskilegri hegðun.

Viðbrögð við slysum

Sá starfsmaður sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn.

Stjórn felst í að sjá til þess að:

- Þeim slasaða sé sinnt.
- Kallað sé á hjálp.
- Nærstaddir séu róðir.

Umsjónarmaður skal látinn vita og hann lætur síðan forráðamenn viðkomandi ungmennis vita.

- Umsjónarmaður sér til þess að slysaskráningarblað sé fyllt út.
- Umsjónarmaður ræðir við og vinnur með ungmennum ef þurfa þykir.

Skráningarblað vegna trúnaðarmála

Nafn barns_____

Nöfn
foreldra/forráðamanna_____

Dagsetning_____

Málsatvik_____

Framhald_____

Starfsmaður á vakt_____

Undirskrift_____

Skráningarblað vegna slysa/óhappa

Nafn barns_____

Nöfn
foreldra/forráðamanna_____

Dagsetning_____

Málsatvik_____

Viðbrögð/framhald_____

Starfsmaður á vakt_____

Undirskrift_____

Ungmenna–Hús 16+

Upplýsinga- og menningarmiðstöð

Starfsskrá

Meginmarkmið með starfsemi Ungmenna–Húss er að auka þátttöku ungs fólks í félags- og tómstundastarfi. Hluti af starfsemi Ungmenna–Húss er ráðgjöf og stuðningur. Með rekstri Ungmenna–Húss er fólki frá 16–25 ára gefinn kostur á að stunda fjölbreytta óformlega menntun og skapandi og þroskandi félagsstarf í heilbrigðu umhverfi á jafnréttisgrundvelli. Mikilvægt er að starfsemin geti tekið mið af breytingum í samfélaginu og brugðist við eftir þörfum.

Í Ungmenna–Húsi eru starfandi sirkuslistahópur, skapandi hópur, hlutverkaspilshópar, ungliðahreyfing Samtakanna 78, Brettafélag Akureyrar og Fjörfiskar sem er hópur ungs fólks með þroskaraskanir. Þar eru reglulega haldnir tónleikar, sýningar og uppákomur af ýmsu tagi. Á hverjum degi kemur margt ungt fólk til að hitta félagi sína og spjalla.

Markmið starfseminnar er að skapa aðstöðu og tækifæri fyrir ungt fólk til að hittast, eiga samastað og fá aðstoð við að framkvæma hugmyndir sínar. Öll starfsemi í Ungmenna–Húsi og á vegum Ungmenna–Húss er vímulaus.

Leiðir

- Að gefa ungmennum tækifæri til að framkvæma hugmyndir sínar, þroska hæfileika og auka þekkingu á hæfileikum sínum og áhugasviði.
- Að ýta undir virkni og auka samfélagsvitund og félagsþroska.
- Að starfið einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að mæta ungmennunum á þeirra forsendum.
- Að bjóða upp á ráðgjöf og stuðning við atvinnuleit, fjármál og áfengis- og vímuefnavanda.
- Að standa fyrir fjölbreyttu klúbbastarfi sem tekur mið af áhuga og þörfum ungmennanna.
- Að gæta þess að í öllum verkum séu forvarnir hafðar að leiðarljósi.
- Að sjá um að starfsfólk njóti endurmenntunar og stuðnings í starfi.
- Að vera í góðu samstarfi við framhaldsskóla á svæðinu.
- Að umsjónarmenn sjái um a.m.k. eitt starfsþróunarverkefni á hverjum vetri.
- Þátttaka í samráðshópi umsjónarmanna ungmennahúsa á landsvísu.

Leitarstarf

Leitarstarf er sú starfsemi sem miðar að því að finna það unga fólk sem telst til áhættuhóps. Í þeim hópi eru m.a. þeir sem ekki eru í öðru félagsstarfi, búa við erfiðar félagslegar aðstæður, eru illa staddir félagslega, eru ekki í námi eða vinnu o.s.frv.

Leiðir

- Þátttaka í forvarnateymi sem vinnur að málefnum ungs fólks.
- Að vera í góðu sambandi við námsráðgjafa framhaldsskólanna.
- Að vera í góðu sambandi við Vinnumálastofnun.
- Að leita nýrra leiða til að ná til þeirra ungmenna sem ekki hafa skilað sér í félags- eða tómstundastarf.
- Að styðja eftir mætti ungt fólk í gegnum verkefnið *Ráðgjöf og stuðningur*.

Samstarf

Til að auka gæði starfseminnar skal leggja áherslu á gott samstarf við aðra sem vinna að málefnum barna og ungmenna í bæjarfélaginu.

Leiðir

- Að nýta forvarnateymi; samráðsvettvang frá lögreglu, fjölskyldudeild, forvarnafulltrúa, félagsmiðstöðvum, Ungmenna-Húsi, forvarnafulltrúum framhaldsskóla og forsvarsmönnum íþróttahreyfinga til upplýsingaöflunar og til að geta brugðist við ef þurfa þykir.
- Að kynna starfsemi Ungmenna-Húss í framhaldsskólum á svæðinu.
- Að starfsfólk Ungmenna-Húss fari með reglubundnum hætti inn í framhaldsskóla á svæðinu til að efla tengslin við unga fólk.

Upplýsingar

Markviss og gagnkvæm upplýsingaöflun skal vera á milli allra þeirra sem starfa í félagsmiðstöðvum, Ungmenna-Húsi, forvörnum, framhaldsskólum, og notendum þjónustunnar.

Leiðir

- Haldnir skulu starfsmannafundir hið minnsta einu sinni í mánuði og starfsdagur einu sinni á önn þar sem farið er yfir stöðuna og dagskrá skipulögð.

- Gera skal dagskrá fram í tímann og hún gerð aðgengileg fyrir alla.
- Halda úti heimasíðum með helstu upplýsingum um starfsemina hverju sinni.
- Vera með kynningar fyrir framhaldsskóla á svæðinu.
- Heimsækja með reglubundnum hætti framhaldsskóla á svæðinu.

Starfsþróun

Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns og meðal annars sinnt með starfsmannasamtölum og þátttöku í sí - og endurmenntun.

Leiðir

- Vinnuveitandi sér um að starfsmenn eigi kost á faglegum stuðningi og endurmenntun með það fyrir augum að auka hæfni sína og fagmennsku.
- Starfsmenn geri sér grein fyrir að þeir eru fyrirmyndir og leggi sig fram um það bæði í starfi og utan þess.
- Halda fræðsludaga að hausti fyrir starfsfólk.
- Starfsfólk skili umsögn um fræðslu.

Starfsreglur

Lágmarksfjöldi á vakt er einn starfsmaður þegar um venjubundna opnun er að ræða. Þegar stærri viðburðir eru skulu starfsmenn vera a.m.k. tveir. Á tónleikum skulu vera a.m.k. tveir dyraverðir.

Trúnaður

Starfsmenn skulu skrifa undir þagnareið við upphaf ráðningar. Þagnarskylda helst eftir að ráðningu lýkur. Starfsmenn leita eftir trúnaði ungmenna og skulu fara með þær upplýsingar sem þeir fá af virðingu. Hér er þó lykilatriði að ef ungmenni er undir sjálfræðisaldri og upplýsingar varða öryggi þess er starfsmanni skylt að tilkynna til barnaverndar skv. lögum um barnavernd.

Mat á starfi

Markmið með mati er að bæta starf og gera það markvissara og sýnilegra. Um er að ræða kerfisbundna upplýsingaöflun. Megintilgangur er að stuðla að umbótum.

Það sem á að meta:

- Aðsóknartölur og dreifing gesta – dagbókarskýrslur.
- Gera reglulega skoðun á kynjahlutfalli gesta – stikkprufur teknar tvisvar sinnum í mánuði.
- Fjölbreytni í framboði á afþreyingu/námskeiðum – dagbókarskýrslur, viðhorfskönnun.
- Viðhorf ungmenna til starfseminnar – lagt fyrir úrtakshóp.

Áætlanir í Ungmenna-Húsi

Einelti

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi eða jafnvel einstaklingum. Atferlið er endurtekið og sá sem fyrir eineltinu verður er ekki fær um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Forvarnir gegn einelti

- Eitt af hlutverkum starfsfólks Ungmenna-Húss er að vera vakandi fyrir líðan og velferð ungmenna.
- Að grípa inn í eineltismál með umræðu og fræðslu fyrir þá sem um ræðir.

Áföll

- Ef upp koma alvarleg tilfelli sem varða ýmist starfsfólk eða ungmenni sem verið er að vinna með er gott að geta gripið til fyrirfram gefinna verkferla.
- Ef upp kemur alvarlegt tilfelli eins og dauðsfall innan hóps sem starfar innan Ungmenna-Húss ber umsjónarmanni að kanna málið og fá staðfest. Meta þarf ástandið og segja frá eftir þörfum innan hópsins og kalla eftir aðstoð fyrir hópinn.
- Sama á við ef upp kemur alvarlegt tilfelli innan starfsmannahópsins en þá ber forstöðumanni að kanna það og staðfesta. Ástandið skal síðan metið og kallað eftir aðstoð fyrir hópinn.

Öryggisáætlun vegna viðburða

- Gerð sé öryggisáætlun fyrir hvern viðburð.
- Sjúkrakassi sé til staðar.
- Áfengismælir sé til staðar.
- Láta lögreglu vita ef um stærri viðburði er að ræða.
- Allir starfsmenn hafi símanúmer annarra starfsmanna á vakt.
- Ef um er að ræða ferðir með ungmenni undir lögaldri, skal fá skriflegt leyfi forráðamanna.

Viðbrögð við slysum

Sá starfsmaður sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn.

Stjórn felst í að sjá til þess að:

- Þeim slasaða sé sinnt.
- Kallað sé á hjálp.
- Nærstaddir séu róaðir.

Umsjónarmaður/forstöðumaður skulu látnir vita og þeir láta síðan forráðamenn viðkomandi ungmennis vita ef viðkomandi er undir sjálfræðisaldri.

- Umsjónarmaður sér til þess að slysskráningarblað sé fyllt út.
- Umsjónarmaður ræðir við og vinnur með ungmennum ef þurfa þykir.

Forvarnir

Ungmenna-Húsið er hluti af aðgerðaáætlun forvarnastefnu Akureyrarbæjar. Sjá aðgerðaáætlun forvarnastefnu.

Skráningarblað vegna trúnaðarmála

Nafn barns_____

Nöfn
foreldra/forráðamanna_____

Dagsetning_____

Málsatvik_____

Framhald_____

Starfsmaður á vakt_____

Undirskrift_____

Skráningarblað vegna slysa/óhappa

Nafn barns_____

Nöfn

foreldra/forráðamanna_____

Dagsetning_____

Málsatvik_____

Viðbrögð/framhald_____

Starfsmaður á vakt_____

Undirskrift_____

Forvarnir

Starfsskrá

Meginmarkmið með starfi umsjónarmanns forvarna er að stuðla að heilbrigðum lífsvenjum barna og ungs fólks í samræmi við stefnumörkun bæjarins í forvarnamálum. Leitast skal við að forvarnastarfið nái til sem flestra þátta sem geta haft áhrif á heilbriggt lífarni.

Aðgerðaáætlun forvarnastefnu er mjög gott yfirlit yfir fræðslu sem umsjónarmaður forvarna veitir sem og yfirlit yfir þau verkefni sem börnum og ungmennum í sveitarfélaginu standa til boða á vegum bæjarins. Rannsóknir benda til þess að hið félagslega umhverfi skipti máli um hvernig ungu fólki vegnar í lífinu. Fjölskyldan, skólinn og skipulagt félags- og íþróttastarf eru stofnanir sem skipta miklu máli varðandi uppeldi ungs fólks. Þessar stofnanir eru líklegar til að hafa áhrif og koma í veg fyrir óæskileg utanaðkomandi áhrif og áhættulífsstíl t.d. tengdan neyslu á ávana- og fíkniefnum. Samvinna þeirra aðila sem vinna með ungu fólki er lykilatriði í forvörnum bæjarfélagsins. Þar gegnir umsjónarmaður forvarna eftirlitshlutverki og er í samstarfi við aðila með fræðslu og eftirfylgni með að forvörnum sé framfylgt.

Leiðir

- Að bjóða fræðslu til foreldra.
- Að bjóða fræðslu til þeirra sem vinna að málefnum ungs fólks í bæjarfélaginu.
- Að veita fræðslu til barna og ungmenna frá 10 ára aldri.
- Að veita fræðslu til alls starfsfólks Vinnuskóla Akureyrar, bæði leiðbeinenda og ungmennanna sjálfra.
- Að stuðla að því að skólar, íþrótt- og félagasamtök sem vinna með börnum útbúi forvarnaáætlun.
- Að vinna með og halda utan um forvarnateymi sem vinnur með börnum og ungmennum og hefur það hlutverk að gefa sem bestar upplýsingar um stöðu mála svo hægt sé að bregðast við breytingum með skilvirkum hætti.
- Að vera í samstarfi við skemmtistaðaeigendur og rekstraraðila með það að markmiði að reglum sé framfylgt og sjónarmiðum forvarna sé fylgt eftir í kynningum og öðru er varðar starfsemina.
- Að styðja við foreldrarölt.

- Að styðja foreldra og lögreglu í að virða útivistartíma.
- Að halda úti aðgerðaáætlun þar sem er að finna heildaryfirlit forvarnaverkefna sem umsjónarmaður forvarna stendur fyrir og varðar hinnar ýmsu stofnanir og félagasamtök sem hafa með börn og ungmenni að gera.
- Að fylgjast með rannsóknum sem sýna stöðu mála í þróun neyslu og líðan ungmenna.

Upplýsingar

Markviss og gagnkvæm upplýsingaöflun skal vera á milli allra þeirra sem tengjast aðgerðaáætlun forvarna og þeirra samtaka sem starfa að forvarnamálum á landsvísu.

Leiðir

- Umsjónarmaður forvarna skal koma á fundi hjá umsjónarmönnum félagsmiðstöðva og Ungmenna–Húss a.m.k. einu sinni á önn þar sem dagskrá er skipulögð og sameiginleg verkefni ákveðin.
- Gera skal dagskrá fram í tímann og skal hún vera aðgengileg fyrir alla.
- Halda úti heimasíðum með helstu upplýsingum um starfsemina hverju sinni.
- Leita leiða til að vera í sem bestum tengslum við framhaldsskóla m.a. með vikulegri viðveru í skólum, kynningarheimsóknum í skóla að hausti og leita eftir samstarfi við foreldrafélög hvers skóla.
- Funda vikulega með forstöðumanni til upplýsingamiðlunar.
- Halda skal fundi í forvarnateymi a.m.k. þrisvar sinnum á ári.
- Funda skal reglulega með námsráðgjöfum grunnskólanna og forvarnafulltrúum framhaldsskólanna.
- Funda með forstöðumanni Vinnuskóla um fræðslu til Vinnuskóla.
- Funda skal a.m.k tvisvar á ári með lögreglu og eigendum og rekstraraðilum skemmtistaða bæjarins.
- Funda reglulega með forvarnateymi.

Starfsþróun

Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns og meðal annars sinnt með starfsmannasamtölum og þátttöku í sí – og endurmenntun.

Leiðir

- Vinnuveitandi sér um að starfsmenn eigi kost á faglegum stuðningi og endurmenntun með það fyrir augum að auka hæfni sína og fagmennsku.
- Starfsmaður geri sér grein fyrir því að hann er fyrirmynd og leggi sig fram um það bæði í starfi og utan þess.

Trúnaður

Starfsmaður skal skrifa undir þagnareið við upphaf ráðningar. Þagnarskylda helst eftir að ráðningu lýkur. Eðli starfsins vegna eru líkur á að ungmenni trúi starfsmanni fyrir trúnaðarupplýsingum. Hér er þó lykilatriði að gera ungmenni ljóst að ef upplýsingar geta varðað öryggi þess er starfsmanni skylt að tilkynna til barnaverndar skv. lögum um barnavernd. Ekki er þó ætlast til að starfsmaður taki að sér mál einstaklinga heldur vísi þeim áfram til skóla.

Mat á starfsemi

Markmið með mati er að safna saman upplýsingum um stöðu mála sem umsjónarmaður forvarna vinnur að.

Það sem á að meta

- Að gera styttri athuganir á stöðu forvarnatengdra mála hjá ungmönnum. Spurningalisti til forvarnateymis og grunnskóla.
- Að gera athugun á gæðum verkefna meðal þeirra sem eru aðilar að aðgerðaáætlun forvarnastefnu. Spurningalisti til ábyrgðaraðila í lok fræðslu.
- Halda saman tölum um fjölda þátttakenda á námskeiðum.
- Leggja matsblað fyrir í lok námskeiða fyrir fullorðna.
- Taka saman upplýsingar um fjölda skóla sem þiggja forvarnafræðslu fyrir nemendur.
- Fá rýnihóp unglunga til að velta fyrir sér gæðum forvarnafræðslunnar.
- Taka saman í lok hverrar annar yfirlit um forvarnastarfið.

Skráningarblað vegna trúnaðarmála

Nafn barns_____

Nöfn
foreldra/forráðamanna_____

Dagsetning_____

Málsatvik_____

Framhald_____

Starfsmaður á vakt_____

Undirskrift_____

Samþykkt af samfélags- og mannréttindaráði 24. mars 2010

Ungmennaráð

ÞESSI KAFLI VERÐUR FULLGERÐUR ÞEGAR UNGMENNARÁÐ HEFUR HAFIÐ STÖRF OG BÚIÐ VERÐUR AÐ SETJA ÞVÍ STARFSREGLUR

Samfélags- og mannréttindaráð og bæjarstjórn hafa samþykkt að setja á stofn ungmennaráð í samræmi við ákvæði æskulýðslaga nr. 70/2007.

Ungmennaráð mun formlega hefja störf haustið 2010. Fyrsta verkefni þess er að setja sér starfsreglur.

Sérstök samstarfsverkefni

Vinnuskóli Akureyrar og Ungmenna–Hús hafa verið með samstarf um sumarvinnu 17 ára og eldri og boðið upp á skapandi sumarstörf. Einnig er samvinna við Vinnuskóla og Vinnumálastofnun um sérstök vinnumarkaðsúrræði fyrir ungt fólk.

Vinnuskóli Akureyrar og félagsmiðstöðvar hafa þróað með sér samstarf yfir sumartímann. Helstu verkefni eru rekstur kaffihúss/tilraunaeldhúss, fjölmiðlafræðsla og listrænn hópur. Einnig fer starfsfólk félagsmiðstöðva í ákveðin störf innan Vinnuskólans yfir sumartímann. Góð reynsla er af þessu samstarfi.

Verið er að undirbúa verkefni sem heitir Þjóðleikur á Norðurlandi sem er skapandi leiklistarverkefni fyrir ungt fólk á aldrinum 13–20 ára á öllu Norðurlandi. Verkefnið er að stærstum hluta fjármagnað með styrkjum.

Forvarnafulltrúi sér um fræðslu fyrir alla 5.–10. bekki grunnskóla Akureyrar. Lögð er megináhersla á fjóra þætti þ.e. áfengis- og vímuefnafræðslu, fræðslu um kynferðisofbeldi, fræðslu um örugga netnotkun og geðheilbrigði. Starfsfólk félagsmiðstöðva, Ungmenna–Húss og Vinnuskóla koma einnig að þessari fræðslu og halda utan um ákveðna þætti hennar.